

Skólaráðsfundur 24.maí 2013

Mætt: Guðlaug Ósk, Árni Jón, Sólveig Franklins, Alda Odds, Hlynur Hilmarsson (fulltrúi foreldra í skólaráðin næsta skólaárs), Gróa, Rósborg, Eysteinn, Annelise, Þóranna og Þórhildur

1. Kannanir og innra mat

Farið yfir að ýmsar kannanir eru gerðar sem koma að innra mati skólans. Tókum þátt í Skólapúlsinum, bæði fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn. Farið er yfir niðurstöðurnar og þær ræddar og kallað eftir umbótum eftir því sem er þörf.

Farið var yfir innra mat sem lagt verður á áherslu í Starfsáætlun 2013 og 2014. Annelise fór yfir t.d. hvernig unnið er með foreldrakönnunina sem var framkvæmd á vorönn. Innra matið var kynnt á fræðslunefndarfundum 21.maí síðastliðinn. Ákveðinn samhljómur kom fram í nemenda-, kennara- og foreldrahluta. Kynnt var hvernig starfsáætlunin 2012 var metin og kannanir sem voru henni meðfylgjandi voru nýttar í gagnaöflun.

2. Skólaárið rekstur, undirbúningur næsta skólaárs

Skólaárið sem er að ljúka er núna mjög annasamur. Skólaárið hefur gengið vel, hefur verið gott ár. Unnið með mannauðinn að honum líði vel í vinnunni. Reksturinn hefur gengið ágætlega en mikil veikindi starfsfólks hefur sett strik í reikninginn. Næsta haust verður okkur dýrara en við reiknuðum með. Erum að fá fjóra stóra bekki í 1.bekk. Skrifað var bréf til bæjarstjóra og forstöðumann þar sem farið var yfir stöðuna og kostnaður lagður til grundvallar, bæði í starfsmannahaldi og búnaðarkaupum. Rætt var um að ekki er mikið fjármagn til viðhalds fyrir skólann í sumar. Húsnæði Skólahljómsveitarinnar fær nýjan gólfdukk en það er tekið að kostnaði viðhalds skólans. Hinsvegar er ekki hægt að standa í vegi fyrir það þar sem mikil fúkkalykt er á svæðinu og án efa heilsuspillandi. Laga á kvennasalerni í eldri deild og loka þeim. Mikil ánægja fundarmanna var með það.

Verið er að auglýsa fyrir næsta skólaár stöður við skólann.

Þessa dagana/vikurnar eru skólastýrir að vinna að fjárhagsáætlun fyrir fjárhagsárið 2014. Rætt var um fjármagn fyrir sérkennslu.

3. Umræða um skólamál 25.maí 2013, fundarmenn hvattir til að koma og ræða málin.

4. Önnur mál

Rætt um útskrift 10.bekkjara. Skýringar á því af hverju útskrift var færð frá 4.júní yfir á 3.júní. Nú verður skipts á að hafa sitthvorn daginn hjá Lágafellsskóla og Varmárskóla til að koma í veg fyrir árekstra.

Fundi slitið
Þóranna Rósa Ólafsdóttir